



Alþingi
Erindi nr. P 143/70
komudagur 28.10.2013

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2013

Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014 (tekjuskattur, virðisaukaskattur, skattar á fjármálafyrirtæki o.fl.), 2. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.

FÍB telur mikilvægt að koma eftirfarandi sjónarmiðum félagsins á framfæri varðandi ofangreint frumvarp.

FÍB fagnar áformum sem fram koma í frumvarpinu um heildarúttekt á skattaumhverfi ökutækja og óskar eftir aðkomu að því starfi fyrir hönd neytenda.

FÍB lætur sig varða hluta af II. Kafla frumvarpsins varðandi breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Varðandi 6. gr. um hópferðabifreiðar þá telur FÍB ljóst að markmiðið um að hraða endurnýjun þessara ökutækja með bráðabirgðarheimild sem hefur verið til staðar frá 2001 á ekki lengur við. Nær væri að skoða heimildirnar með öðrum aðgerðum með það að markmiði að flýta endurnýjun bifreiða – sérstaklega fólksbifreiða - landsmanna til að auka öryggi vegfarenda og draga úr útlosun mengandi efna frá samgöngum.

Varðandi 8. gr. um framlengingu 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögnum út árið 2014 þá telur FÍB jákætt að halda því inni á meðan verið er að auka hlutfall rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiða í umferð hér á landi.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson
Framkvæmdastjóri

